

Stefna í málefnum aldraðra í Dalvíkurbyggð

Inngangur

Dalvíkurbyggð leggur áherslu á að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi við fullt sjálfræði á eigin vegum svo lengi sem hægt er, en að þeir eigi jafnframt vöð á nauðsynlegri stofnanþjónustu í heimabyggð eftir því sem við verður komið.

Dalvíkurbyggð telur að þjónustu við aldraða verði að skipuleggja og veita í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir fólks svo sem frekast er kostur, enda eru aldraðir ekki einsleitir hópur heldur einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir, rétt eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Stöðþjónusta þarf að vera þannig upp byggð að aldraðir geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Hinn 1. apríl sl. voru 239 einstaklingar 67 ára og eldri í sveitarfélaginu, eða um 12% íbúanna. Karlar voru 107 og konur 132. Ætla má að þróunin í sveitarfélaginu verði þannig á næstu árum að öldruðum muni fjölga hlutfallslega, enda eru stórir árgangar nú að komast á efri ár og undir það þarf Dalvíkurbyggð að búa sig rétt eins og samfélagið almennt.

Dalvíkurbyggð telur mikilvægt að stuðla að aukinni þátttöku og frumkvæði aldraðra í ákvörðunum og breytingum sem snerta hag þeirra sjálfra. Aldraðir eiga að hafa eins mikil áhrif á eigið líf og mögulegt er, einnig þegar þeir þurfa á aðstoð að halda frá sveitarfélaginu.

Þessi stefnumótun tekur á þeim þáttum sem taldir eru mikilvægastir svo fjölbreytilegum þörfum aldraðra íbúa Dalvíkurbyggðar verði mætt, nú og á næstu árum.

1. Heimþjónusta

Staðan núna:

Heimþjónusta er veitt af tveimur aðilum. Annars vegar sér Dalvíkurbyggð um heimilishjálp og félagslega heimþjónustu og hins vegar er heimahjúkrun veitt af Heilsugæslustöð Dalvíkur.

1.1. Heimilishjálp og félagsleg heimþjónusta

Sú þjónusta sem veitt er er aðallega aðstoð við heimilishald; þrif, búðarferðir o.þ.h. Neytendur eru að stærstum hluta aldraðir en einnig yngri öryrkjar og fólk sem vegna slysa eða veikinda þarf á tímabundinni aðstoð að halda við heimilisverk. Einn aðili nýtur í dag félagslegrar þjónustu, þ.e. þjónustu sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun hans. Vegna aldraðra eru 1,8 stöðugildi í heimilishjónustu hjá Dalvíkurbyggð. 38 heimili njóta þjónustunnar. Sex einstaklingar fá matarsendingar heim frá Dalbæ.

1.2. Heimahjúkrun

Heimahjúkrun í Dalvíkurbyggð hefur verið rekin með einungis 40-50% stöðuhlutfalli sem er alls ófullnægjandi og vinnur gegn þeirri þróun að aldraðir dvelji sem lengst á heimilum sínum. Óskum um aukið stöðuhlutfall hefur ekki verið sinnt.

Að meðaltali hafa milli 20 og 25 einstaklingar þegið heimahjúkrun mánaðarlega. Algengast er að heimsóknir séu einu sinni í viku. Náin samvinna er milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar ef upp koma mál þar sem beggja þarf við og er þá gjarnan myndað heimsóknanet með heimahjúkrun og ættingjum ef þeir eru til staðar.

1.3. Verkefni

Dalvíkurbyggð stefnir að því að bjóða á hverjum tíma upp á heimaþjónustu sem styður við það að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi við fullt sjálfræði á eigin vegum svo lengi sem unnt er.

Heimaþjónusta byggir einkum á eftirfarandi þáttum:

- a. Stuðningur við algeng heimilisverk, heimsending matar og þ.h.
- b. Félagsleg samvera
- c. Viðvera heima hjá fólki sem þarf stöðuga umönnun
- d. Hjúkrun þar sem það á við

Til að þessi þjónusta verði skilvirk og hagkvæm og nýtist öldruðum sem best er æskilegast að skipulag hennar sé að mestu á einni hendi. Þannig má ætla að starfskraftar og fjármagn nýtist betur og leiði til betri þjónustu. Dalvíkurbyggð fagnar því þeirri yfirlýstu stefnu ríkisvaldsins að ábyrgð á lögbundinni þjónustu við aldraða flytjist frá ríki til sveitarfélaga.

Dalvíkurbyggð veitir öldruðum afslátt af fasteignagjöldum sem styður við að þeir geti lengur dvalið á eigin heimili. Tilboð um dagvist og aðra þjónustu á Dalbæ - heimili aldraðra, sem og tímabundin hvíldarinnlög þar, styðja einnig við þetta markmið.

2. Félagsstarf aldraðra

Staðan núna:

Formlegt félagsstarf aldraðra er tvískipt. Annars vegar á vegum Dalbæjar, sem Dalvíkurbyggð styrkir, og hins vegar er fjölbreytt starf á vegum Félags eldri borgara.

2.1. Verkefni

Tryggja skal eftir föngum að aldraðir einangrist ekki félagslega. Til að styðja við þá stefnu að aldraðir geti verið heima sem lengst er m.a. mikilvægt að huga betur að félagslega þættinum. Bæta mætti núverandi þjónustu með heimsóknum sem eingöngu væru til að auðga félagslíf fólks, burtséð frá heimilisþrifum.

Dalvíkurbyggð mun vinna að því í samvinnu við Félag eldri borgara, Dalbæ, kirkjuna og félagasamtök í sveitarfélaginu að koma í veg fyrir félagslega einangrun aldraðra og að

þeir eigi kost á fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi. Framlag Félags eldri borgara í þessum efnum er sérlega mikilvægt.

3. Þáttaka aldraðra í samfélagsverkefnum;

Mikilvægt er að aldraðir séu þátttakendur á sem flestum sviðum eins lengi og hver og einn getur og vill.

Staðan núna:

Eldri borgarar eru þáttakendur á ýmsum sviðum samfélagsins og er mikilvægt að svo verði áfram. Varðandi formlega þátttöku félaga í Félagi eldri borgara þá hafa verið heimsóknir frá félaginu í grunnskóla þar sem nemendur hafa verið fræddir um gamla tíma. Einnig hafa grunnskólanemendur komið í heimsóknir í Mímisbrunn m.a. til að læra að spila.

3.1. Verkefni

Ástæða er til að formgera samstarf grunnskóla og Félags eldri borgara þannig að þátttaka eldri borgara í uppfræðslu nemenda verði skipulögð þannig að þetta samstarf sé sett á vinnuáætlun beggja við upphaf skólaárs.

Einnig má hugsa sér skipulagðar heimsóknir eldri borgara á leikskóla og viðveru á bókasafni og á byggðasafni eða eitthvert form á þátttöku í kynningu á sögu byggðarlagsins.

Önnur mikilvæg verkefni gætu verið þátttaka í heimaþjónustu með skipulegum heimsóknum til annarra aldraðra og íslenskuþjálfun fyrir fullorðna nýbúa.

4. Þjónustuhópur aldraðra og upplýsingargjöf

Staðan núna:

Felld hefur verið úr gildi reglugerð um þjónustuhóp aldraðra nr. 791/2001 en reglugerð nr. 1262/2007 gildir nú og þar er fyrst og fremst verið að fjalla um vistunarmat. Þá hefur verið sett reglugerð um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými. Hvort tveggja byggir á heilbrigðisumdæmum sbr. reglugerð 785/2007. Þjónustuhópur aldraðra starfar áfram sbr. 1.-3. tl. 8. gr. laga um málefni aldraðra.

4.1. Verkefni

Dalvíkurbyggð vill gera upplýsingar um þjónustu við aldraða aðgengilegar. Stefnt er að því að allir íbúar fái bréf frá sveitarfélaginu á því ári sem þeir verða 67 ára, í fyrsta sinn á árinu 2009. Þar séu upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og um þau réttindi sem fylgja starfslokum.

5. Forvarnir, heilsuvernd og fræðsla

Forvarnir sem beinast að öldruðum, eiga að hafa það að markmiði að auka lífsgæði aldraðra og gera þeim kleift að búa sem allra lengst á eigin heimili, á eigin forsendum. Fræðsla, reglubundið eftirlit og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir skipta miklu máli í þessu sambandi. Markmið forvarnarstarfs er að stuðla að heilbrigði og að bæta eftir því sem kostur er heilsu þeirra sem búa við skert lífsgæði eða fötlun að einhverju tagi vegna sjúkdóma og andlegrar eða líkamlegrar hrörnunar. Markmið forvarnarstarfs er jafnframt að veita einstaklingunum hjálp til sjálfshjálpar og gera þeim kleift að viðhalda sjálfstæði sínu sem lengst.

5.1. Verkefni

Heilsueflandi heimsóknir eru mikilvægar þar sem hægt er að grípa inni í tímanlega, til þess að mynda tengsl við hinn aldraða og fá greinagóða mynd af aðstæðum hans og líðan. Með þessu móti er hægt að meta hvort viðkomandi hefur þörf fyrir einhver sérstök úrræði til að bæta aðstæður hans og líðan, veita ýmsar upplýsingar og í framhaldinu frekari stuðning ef þess gerist þörf.

6. Húsnæðismál aldraðra

Staðan núna:

Almennt eiga aldraðir íbúar í Dalvíkurbyggð sjálfir það húsnæði sem þeir búa í, nema þeir sem búa á Dalbæ. Sveitarfélagið veitir afslátt af fasteignagjöldum til að gera öldruðum auðveldara að búa áfram í eigin húsnæði. Íbúðir í einkaeign hafa verið byggðar í nágrenni Dalbæjar og þar á Dalvíkurbyggð tvær íbúðir.

6.1. Verkefni

Sveitarfélagið vinnur að því að byggðar verði íbúðir með búseturétti fyrir fólk sem náð hefur tilteknum aldri í nágrenni Dalbæjar þannig að íbúarnir geti átt þess kost að kaupa þjónustu þaðan og jafnframt notið þess öryggis sem fylgir því að vera í nálægð við sérhæfða þjónustu við aldraða.

7. Stofnanir fyrir aldraða

Staðan núna:

Á Dalvík er Dalbær, heimili aldraðra, bæði dvalar- og hjúkrunarheimili. Húsið var tekið í notkun 1979 og 1981. Viðbygging var tekin í notkun 1995. Á Dalbæ eru 20 dvalarrými og 24 hjúkrunarrými og þar af 1 hvíldarinnlagnarrými. Mikil þörf er fyrir fleiri hjúkrunarrými. Búið er að breyta húsnæði þannig að hægt er að hafa 5 heilabilaða einstaklinga á lokaðri deild. Það er bráðabirgðaráðstöfun og brýn þörf á úrbótum.

Dagþjónusta er í boði á Dalbæ, heimili aldraðra. Dagvist er mikilvægt stuðnings-úrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í boði er akstur til og frá Dalbæ, matur, aðgangur að handavinnu og félagsstarfi, hjúkrunarþjónustu og fótaaðgerðum. Þessi þjónusta er í boði alla virka daga. Einnig hefur verið boðið upp á hádegismat á örauðumö dögum.

7.1. Verkefni

Stefnt er að því að byggja áfram upp viddtæka þjónustu á vegum Dalvíkurbyggðar og Dalbæjar og að Dalbær verði miðstöð þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu.

Sérstaklega þarf að bæta úrræði fyrir heilabilaða á Dalbæ og byggja þá deild upp þannig að sú þekking sem þegar er til staðar nýtist. Einnig er brýnt að fjölga hjúkrunarrýmum á Dalbæ til að mæta vaxandi þörf fyrir slíka þjónustu, fækka dvalarrýmum og styðja við þá þróun með aukinni heimaþjónustu. Þá mætti bæta aðgengi að persónulegri þjónustu og félagslegum stuðningi og ráðgjöf, eftirliti með heilsufari, fræðslu um atriði sem tengjast öldrun, aðstoð við þjálfun, persónulega umhirðu og líkamsþjálfun.

8. Starfsfólk í þjónustu við aldraða

Efla þarf það starfsfólk sem sinnir öldruðum í sveitarfélaginu svo stöðugleiki í starfsmannahaldi verði sem mestur. Það verði m.a. gert með viðeigandi námstilboðum og virkri starfsmannastefnu.

9. Annað

Stefnu þessa um málefni aldraðra skal endurskoða á fyrsta ári hvers kjörtímabils sveitarstjórnar.

Samþykkt í bæjarráði Dalvíkurbyggðar 3. júlí 2008